

# Eyjafjarðarsveit

Fyrirkomulag vetrarþjónustu

Minnisblað

**Á auglýsingablaði Eyjafjarðarsveitar í janúar 2014 var eftirfarandi pistill frá sveitarstjóra varðandi snjómokstur:**

*„Snjómokstur í Eyjafjarðarsveit er að mestu leyti á forræði Vegagerðarinnar. Vegir eru flokkaðir eftir umferðarþunga og þeir þjónustaðir í samræmi við það. Samkvæmt þeirri reglu eru Eyjafjarðarbraut vestri og eystri norðan Miðbrautar flokkaðar sem stofnvegir ( A-regla) og eru alfarið þjónustaðir af Vegagerðinni. Sú leið er mokuð alla daga þegar þörf er á því. Vegir samkvæmt A-reglu eru einnig hálfkuvarðir (sandbornir) á skilgreindum stöðum.*

*Eyjafjarðarbraut vestri frá Miðbraut suður að Sólgarði er þjónustuð samkvæmt F-reglu. Þá greiðir Vegagerðin kostnað við mokstur tvo daga í viku þ.e. á mánudögum og föstudögum en ef moka þarf þriðja daginn í vikunni er kostnaði skipt jafnt á milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Mokstur umfram þrjá daga í viku á þeirri leið greiðist alfarið af sveitarfélaginu.*

*Kostnaði við mokstur annarra vega í sveitarfélaginu er skipt milli Vegagerðar og sveitarfélagsins 3 daga í viku en mokstur umfram það er alfarið greiddur af sveitarfélaginu. Undanskilinn er Sölvadalsvegur sem er mokaður á kostnað sveitarfélagsins. Heimreiðar eru að öllu leyti í umsjón þeirra sem við þær búa.*

*Ákvörðun um mokstur þar sem kostnaði er skipt milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar er tekin sameiginlega af þeim aðilum.*

*Þegar þarf að koma upplýsingum á framfæri við íbúa sveitarfélagsins um mokstur t.d. um helgar þá munum við setja þær inn á heimasíðu sveitarfélagsins [www.esveit.is](http://www.esveit.is)*

*Ábendingum um mokstursþörf eða annað sem betur má fara í vetrarþjónustu ber að koma á framfæri við skrifstofu Eyjafjarðarsveitar þar sem einnig er hægt að nálgast frekari upplýsingar um þessa þjónustu. Að lokum er rétt að ítreka að það er markmið sveitarfélagsins að veita hagkvæma vetrarþjónustu sem stuðlar að öryggi vegfarenda og íbúa eins og kostur er miðað við veðurfar og aðstæður. Þessu markmiði náum við aðeins með góðri samvinnu við íbúa sveitarfélagsins og skilningi á því að ekki er enn búið að setja í reglugerð hvernig veðri og snjóalögum á eyfirska efnahagssvæðinu er háttað. „*

**Síðan þetta var ritað hafa orðið nokkrar breytingar á fyrirkomulagi snjómoksturs, þjónustuflokkar eru aðrir og þjónusta einstakra vega hefur breyst. Hér að neðan er þjónustan eins og hún er í dag.**

**Yfirlit yfir þá vegi sem mokaðir eru af Vegagerðinni og eða Eyjafjarðarsveit:**

**Þjónustað alla virka daga frá kl 07:00 - 22:00 og um helgar frá 7:30 – 22:00 :**

- 821 Eyjafjarðarbraut vestri - Akureyri að Miðbraut fj. bíla 2.225
- 822 Kristnesvegur fj. bíla 100
- 823 Miðbraut fj. bíla 250
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri - Hringvegi að Miðbraut fj. bíla 750

**Þjónustað sunnud, mánud, miðvikud, fimmtud, og föstud.**

- 821 Eyjafjarðarbraut vestri Miðbraut - Stíflubru fj. bíla 375

**Helmingamokstur 3 svar í viku. Umframmokstur greiddur af Eyjafjarðarsveit.**

821 Eyjafjarðarbraut vestri Stíflubru – Hólsgerði	helmingamokstur.	fj. bíla	50
829 Eyjafjarðarbraut eystri – Miðbraut að Stíflubru	- - -	fj. bíla	100
824 Finnastaðavegur	- - -	fj. bíla	50
825 Dalsvegur	- - -	fj. bíla	?
826 Hólavegur	- - -	fj. bíla	50
828 Veigastaðavegur	- - -	fj. bíla	75

8390 Sölvadalsvegur er héraðsvegur sem var þrátt fyrir það mokaður óreglulega á kostnað sveitarfélagsins meðan þar var búseta og sveitarfélagið hafði þjónustuskyldu við íbúa sem þar bjó. Frá haustinu 2017 hefur Sölvadalsvegur ekki verið mokaður á kostnað sveitarfélagsins.

Hrafnagilshverfi þjónustað alla daga.

Hjóla- og göngustígur vetrarþjónusta ekki nema í undantekningartilfellum.

Héraðsvegir eru ekki þjónustaðir af Eyjafjarðarsveit og eru á ábyrgð þeirra sem við viðkomandi vegi búa.